

47 fyrir lífsfjárvonina, og muni honum þá verða veitt uppbót fyrir hana samkvæmt 10. gr. í reglugjörð stofnunarinnar frá 29. desbr. 1870¹, með því skilyrði, að skirteinið fyrir hinni nýju lífsábyrgð verði fengið fjárhagsstjórninni til varðveislu með þeim kostum, er til eru teknir í auglýsingu fjárhagsstjórnarinnar frá 25. febr. 1871².

Það sem að framan er skráð, læt jeg ekki undan falla að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

48 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurborgun á* 21. febr. *vínfanga- og tóbaksgjaldi.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem Pjetur Fr. Eggerz, kaupmaður á Borðeyri, kvartar undan því, að heimtað hafi verið af sjer aðflutningsgjald samkvæmt lögum frá 11. febr 1876, af vínföngum og tóbaki, er komið hafi með skipinu «Amalie» að Borðeyri og skjöl hafi verið sýnd fyrir í sama mund og verið var að þinglýsa lögnum á manntalsþingi í þeirri þinghá, er skipið hafnaði sig í, og mælist hann til þess, að sjer verði skilað aptur fje því, er hann telur ranglega af sjer heimtað. Takið þjer í þóknanlegu brjefi frá 25. nóvbr. f. á. fram, að áminnst sýning á tollskjöllum fyrir skipið «Amalie» verði tæplega lögleg talin, þar sem það sje Pjetur kaupmaður sjálfur, er skjölin hafi sýnd verið, og hafi hann eptir því átt að hafa eptirlit á, að hann bryti eigi sjálfur verzlunar- og toll-lögin, enda þótt honum væri til þess umboð veitt af sýslumanni. Af þessari ástæðu ætlið þjer, að það atríði verði að ráða úrslitum þessa máls, að lögleg rannsókn á skjölunum og áritun á þau hefði ekki getað farið fram fyr en að afloknu manntalsþinginu af hendi sýslumanns sjálfs, og leggið þjer það því til, að hin umbeðna endurborgun verði ekki veitt. En skyldi ráðgjafinn samt álíta áminnzta rannsókn skjálanna gilda gagnvart landsstjórninni, hafið þjer farið fram á það til vara, að hið borgaða tóbaksgjald verði, hvernig sem fer, ekki endurgoldið beiðandanum, því að tollskyldan fyrir tóbak lendi eigi á því, fyr en það sje flutt í land, en það hafi fráleitt verið gjört, fyr en að lögin um aðflutningsgjald af tóbaki voru búin að öðlast gildi á Borðeyri.

Út af þessu skal það þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar, að með því að tæplega muni þegar á allt er lítið, fært að rengja gildi skjalasýningar þeirrar, er fram hefir farið á lögmætan hátt af skipstjóra hendi fyrir þeim manni, er sýslumaður hafði veitt umboð til þess, þótt þessi maður væri mjög óheppilega valinn, með því að vínföng verður að telja innflutt jafnskjótt sem búíð er að sýna skjöl og skilríki fyrir skipinu, og með því að það loksins eigi er víst, að búíð hafi verið að þinglýsa lögnum 11. febr. 1876 um breytingu á tilskipun 26. febr. 1872 um gjald af brennivíni o. fl. áður en sýnd voru skjöl skipsins, verður að reikna hjer tollinn af hinum innfluttu vínföngum samkv. tilsk. 26. febr. 1872 og greiða því beiðandanum aptur það, sem um fram hefir heimtað verið. En að því er aptur á móti snertir hitt atríðið, að heimtað hefir verið af beiðandanum gjald af tóbaki því, er fluttist í sama sinn, verður ráðgjafinn að vera yður samdóma um það, herra landshöfðingi, að rjett hafi verið að gjöra það samkvæmt lögum um aðflutningsgjald af tóbaki 11. febr. 1876.

49 — *Brjef innanríkisstjórnarinnar til landshöfðingja um ferðir gufuskipisins* 23. febr.

1) Sjá hið danska lagasafn Algreens Ússings XVI bls. 9. og dönsk lagatíðindi 1871 No. 6.

2) Sjá hið danska lagasafn Algreens Ússings XVI bls. 81. og dönsk lagatíðindi 1871 No. 28.